BYGGÐASAFN ÁRNESINGA
Húsið á Eyrarbakka



# Fornleifaskráning

## Vegna skipulags í Ölfusi


**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir**

**Edda Linn Rise**


**Október 2009**

# 2009/2

# Efnisyfirlit

Inngangur........................................ 3
Tilgangur fornleifaskráningar........................................ 3
Fornleifaskráning og aðferðir ........................................ 5
Aðferð við fornleifaskráningu........................................ 5
Jarðanúmer........................................ 5
Tegund, hlutverk og heiti........................................ 6
Lega........................................ 6
Staðhættir og minjalýsing........................................ 5
Hættumat........................................ 5
Heimildir........................................ 5
Heimildamenn........................................ 6
Saga jarðanna og fornleifar........................................ 6
Árbær-163870-115........................................ 12
Hvammur-171738-512........................................ 40
Gljúfurárholt-171707-515........................................ 88
Kotströnd-172327-511........................................ 106
Bakkárholt-163845-118........................................ 121
Samantekt ........................................ 160
Niðurlag........................................ 163

**Inngangur**

Að beiðni sveitarfélagsins Ölfuss var framkvæmd fornleifakönnun á afmörkuðum svæðum innan sveitafélagsins þar sem áformað er að byggð þéttist í framtíðinni. Um er að ræða jörðina Árbæ á bökkum Ölfusár, suður af Ingólfsfjalli og svæðið norðan þjóðvegar að vesturhlíð Ingólfsfjalls og að Gljúfurárholti. Svæðið er um það bil 8223854 m2 á stærð. Rannsóknin fór fram dagana 17-31 ágúst 2009.

Rannsókninni stjórnaði Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur sem vann vettvangsrannsókn ásamt Guðrúnu Þráinsdóttur fornleifafræðinema. Skýrslugerð var í höndum Margrétar og Eddu Linn Rise fornleifafræðings.

Skýrsluhöfundar þakka landeigendum góðfúslegt leyfi til að fara um landareignir þeirra og veittar upplýsingar. Sérstakar þakkir fá Margrét Gunnarsdóttir i Bakkárholti og Pétur Guðmundsson og Charlotte Clausen í Hvammi. Einnig fær Einar Elíasson flugmaður á Selfossi þakkir fyrir veitt leyfi til að nota ljósmynd af Hvammi á forsíðu og inn í skýrslunni og Sigurður Sigurðarson dýralæknir fyrir að veita upplýsingar um miltisbrandssmit í Ölfusi.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ … hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
skipsflök eða hlutar úr þeim.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmda-aðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

**Fornleifaskráning og aðferðir**

Við upphaf skráningar eru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Á vettvangi voru hnit tekin á minjum með Trimble PRO XR GPS staðsetningartæki. Öll hnit voru tekin í landskerfinu ISN93. Loftmyndir í skýrslunni eru frá Loftmyndum ehf. birtar hér með leyfi Ölfushrepps. Úrvinnsla korta fór fram í Trimble GPS Pathfinder Office.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir:

**Jarðanúmer**

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Árbær **171640**, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 490 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar. Bæjarstæði Árbæjar væri þá nr **1**og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti; Árbær**171640-490- 1**. Sé jörð með landsnúmer en ekki númeri í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

**Tegund, hlutverk og heiti**

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d.Orustuhóll er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

**Lega**

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

**Staðhættir og minjalýsing**

Í kafla um staðhætti og minjalýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

**Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

**Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og minjalýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

**Heimildarmenn**

Heimildarmenn við skráningu voru Margrét Gunnarsdóttir í Bakkárholti og Pétur Guðmundsson í Hvammi.

**Saga jarðanna og fornleifar**

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

***Helstu minjaflokkar***

Búsetuminjum má gróflega skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Hins vegar telst stærsti minjaflokkurinn útihús hvers konar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hvers kyns minjar þar er um að ræða þó engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða hver notkun húss kann að hafa verið.

*Minjar í túni*

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurs konar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru eins konar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

### *Minjar í eða við tún*

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós*****:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

***Fjárhús*****:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa getur verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

***Hrútakofar*****:** Smærri kofar oft yst í túni.

***Lambhús*****:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

***Hesthús*****:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

***Smiðjur*****:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

***Kofar*****:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

***Brunnar*****:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæ var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

***Myllur*:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar*:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

***Minjar utan túns***

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur*:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir*:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhvers konar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt í dilka.
***Stekkir*:** Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum,

svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

***Nátthagar*:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

***Sel*:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var  e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

***Stöðull*:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli, þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

***Beitarhús*:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

***Smalakofar*:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

***Heytóftir*:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

***Fjárborgir*:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurs konar réttir eða afdrep fyrir búfé.

***Garðlög*:** Margs konar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis

beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.
***Heyvinnsla*:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

***Við sjó/vötn***

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðarstaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.
***Sjóhús/verbúðir*:** Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi*:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
***Hjallar*:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf*:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur*:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar*:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

## Saga jarðanna og fornleifar



Mynd 1. Bæjarhóll Árbæjar

## Árbær – jarðarnúmer 171640-490

### Saga

Jörðin Árbær birtist sennilega fyrst í rituðum heimildum árið 1397 í *Íslensku fornbréfasafni*. Þar segir frá kirkju sem þá stóð á jörðinni: „LXXX. Arbær. Kirkia ad Arbæ a .iiij. kyr. Jnnan sig kluckur .iiij. Mariuskriptter tuær. krossar .ij. kiertistika med kopar. paxspialld. sacrarium

mvnnlaug. portio Ecclesiæ vmm næstu .x. är .xvij. aurar oc iij. Alnar.”[1] Næst kemur jörðin fram í sama safni árið 1502 þegar Stefán Skálholtsbiskup selur Þorvarði Erlendssyni lögmanni Árbæ.[2] Aftur er svo jörðin nefnd árið 1546 þegar Erlendur lögmaður Þorvarðarson seldi Gizuri biskupi jarðir og þar á meðal Árbæ.[3]

Árið 1706 er jörðinni lýst í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*: „Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum. Eigandinn er biskupsstóllinn að Skálholti. Ábúandinn Ketill Sigurðsson. Landskuld er i ꞩ xxx álnir. Betalast með öllum gildum fríðum peningi, færist til Túnguferju ef ei geldst út, og þá heima tekin. Leigukúgildi v: Leigur betalast í smjöri heim til stólsins eður þángað sem tilsagt verður innan hjeraðs. Kvaðir eru mannslán um vertíð í Þorlákshöfn, geldst in natura, hestlán og dagsláttur betalast með xv álnum ásamt landskuldargjaldi. Kvikfjenaður ix kýr, ii veturgamlar kvígur, iii naut, ii kálfar, xxxi ær, ii geldar, xii sauðir tvævetrir og eldri, xi sauðir veturgamlir xxv lömb, þetta geldfje óvíst á afrjett; v hestar, i hross með fyli, i foli veturgamall. Fóðrast kann vii kýr og áðurtalið kvikfje. Afrjett á jörðin ut supra. Móskurður [21] til eldiviðar nægur og brúkast nú jafnlega. Við til húsabótar lagði landsdrottinn næst fyrirfarandi ár vegna níðslu jarðarhúsanna, so ei fjekst bygð ella. Hætt er kvikfje fyrir foröðum og dýjum. Silúngsveiði vide Fjall. Högum jarðarinnar spilla fjallskriður. Hjáleiga [10] hefur hjer ein verið, er kallast hefur Árbæiarhiáleiga, bygð til næst umliðins árs, en síðan i eyði lögð vegna jarðarinnar slægjuleysis, og ei verður aftur bygð nema til skaða heimajörðinni. Landskuld hefur á henni verið xl álnir. Betalaðist hún til heimabóndans í landaurum. Leigukúgildi var i. Leigan betalaðist í smjöri heim til jarðarinnar ábúanda. Kvaðir voru ei nema dagsláttur i og fæddi heimabóndi verkamann.”[4] Jörðinni var lítillega lýst í *Sýslu- og sóknalýsingum* frá árinu 1840 en þar segir að Árbær sé stólsjörð. Þar segir jafnframt að á jörðinni sé laxveiði „ ... og á Árbæ sú eina vatnsmölunarmylna [22], sem til er í sveitinni.”[5] Þar er Árbær talinn með reisulegum bæum[6] og þar segir að á Árbæ séu að nokkru leyti nýsléttuð tún og „ ...

---

1 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IV. 1265-1449.* 1897:92

2 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. VII.* 1903-1907:622-3

3 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XI. 1310-1550.* 1915-1925:472, 479-80

4 Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:393-4

5 *Árnessýsla. Sýslu- og sókn alýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:202

6 *Árnessýsla. Sýslu- og sókn alýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:205

Jarðepli vaxa þar engi, en bæði kál og kartöplur, og er *hvörutveggja* allvel ræktað."[7] Sjö árum síðar er jörðin enn stólsjörð en dýrleiki hennar talinn 34 1/3, landskuldin 1,30, kúgildin 5 og ábúendur 1 eigandi.[8] Ári síðar er forn hundraðatala jarðarinnar sögð 34 1/3 en ný hundraðatala 23,0.[9] Vatnsmölunarmyllan hefur verið „... væntanlega í Árbæjarlæknum sem rennur ofan úr fjalli og niður fyrir austan gamla bæjarstæðið [1]. En bæjarins gamla sér nú engan stað ..."[10] Í *Sunnlenskum byggðum* er jörðinni svo lýst: „Gömul jörð og stór, 34 hundruð að fornu mati. Á land upp í Ingólfsfjall. grýttar brekkur sunnan í fjallinu. Neðar hallandi mýri, blaut hið efra en þurrari þegar neðar dregur að Ölfusá. Vetrarbeit sæmileg í mýrinni. Mótak gott, notað í byrjun síðustu heimsstyrjaldar, þá unnið með vélum. Jarðhiti sem aukinn hefur verið með borun. Laxveiði í Ölfusá. Land allt neðan fjalls er girt."[11] Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklu skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peningshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög og 1 lítið. 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið.[12] Árið 1910 stóð á 1. býlinu torfbær með 1 heilþili og 1 hálfþili. Að mestu úr timbri.[13]

Túnakort var teiknað af Árbæ árið 1918 þar stendur að túnastærð jarðarinnar sé 8,3 ha og að þar af séu slétt u.þ.b. ¾. Matjurtagarðar [56] eru 2176 m2. Á myndinni standa á miðju túninu bærinn [1], fleiri hús [57], og matjurtagarðar, vegur [6] gengur úr bænum norðanverðum og í norðvestur, norðanvegin við veginn miðjan stendur 1 hús [3] og annað [4] litlu norðar. Annað [5] hús stendur í túninu suðaustan við bæinn.[14] Í *Sunnlenskum byggðum* segir að til ársins 1918 hafi á Árbæ verið tvíbýli.[15] Árið 1932 eru túnin orðin 7 ha og matjurtagarðarnir 1500 m2.[16] Í örnefnaskrá er

---

7 *Árnessýsla. Sýslu- og sókna lýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:206

8 Johnsen, J. 1847:74

9 *Ný jarðabók fyrir Ísland.* (Ártal vantar):32

10 Þór Vigfússon. 2003:135

11 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:398

12 Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190.

13 *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997:462-3

14 Túnakort [1918].

15 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:398

16 *Fasteignabók*. 1932:19

landamerkjum Árbæjar lýst svo: „Landamerki: Ölfusá að sunnan. Vestan: úr Svörtubökkum við Ölfusá og til Ingólfsfjalls. Austan: Úr Markakletti við Ölfusána og til Ingólfsfjalls. (Meiri upplýsingar gáfu heimildarmenn ekki)."[17]

Á landi Árbæjar er nú (2009) þorp eða dreift þéttbýli í Ölfushreppi. Árið 1942 keyptu 10 Selfyssingar jörðina til að heyja í, og gengu partarnir kaupum og sölum en eftir að heitt vatn fannst þar árið 1964 fór fólk að flytjast í hverfið.[18] Að lokum urðu jarðarpartarnir fimm og þeir númeraðir frá austri til vesturs.[19] Árbær 1 er austasti hlutinn, hann er „ ... 1/10 hluti af hinni fornu jörð þegar undanskilinn er partur Selfosskaupstaðar fyrir ofan byggðina." Hlunnindin sem fylgja eru jarðhiti, lax- og silungsveiði. Árið 1977 voru tún 11 ha.[20] Árbær II var 1/10 hluti jarðarinnar, þar voru tún 16 ha.[21] Árbær III var 3/10 hluti allrar jarðarinnar þar voru tún 19 ha.[22] Árbær IV er 3/10 hluti jarðarinnar fyrir utan efsta hlutann. „Peningshúsin á Árbæ IV eru norðaustan við hólinn sem bærinn Árbær [1] stóð á." Hlunnindi jarðarinnar eru jarðhiti, lax- og silungsveiði. Túnin voru 35 ha. að stærð.[23] Árbær V, vestasti hluti Árbæjar er „ ... fimmti partur hinnar fornu jarðar, ef undanskildir eru þeir 60 ha. sem Selfosskaupstaður á efst á jörðinni." Hlunnindi voru eins og á hinum Árbæjarjörðunum; jarðhiti, lax- og silungsveiði, túnin 12 ha.[24] Úr Árbæ I, II og III hafa myndast nokkur minni býli. Úr landi Árbæjar I eru eftirtalin býli: Árbær 1 ha. tún[25], Straumur 1 ha. garðyrkjubýli[26], Hátún 2,5 ha. garðyrkjubýli[27], Ártún um 1 ha. garðyrkjubýli, lóð íbúðarhúss er þó fengin frá Árbæ III,[28] og loks Rein sem fylgja um 3 ha. lands.[29] Úr landi Árbæjar II eru eftirtalin býli: Gilhagi garðyrkjubýli með 6 ha tún, hlunnindi eru jarðhiti, lax- og silungsveiði.[30] Lindarbær 6 ha[31] og loks Vogur 1 ha garðyrkjubýli.[32] Úr landi Árbæjar III eru eftirtalin býli:

17 Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1

18 Þór Vigfússon. 2003:135

19 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:398

20 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:399

21 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:404

22 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:408

23 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:414

24 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:415

25 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:400

26 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:401

27 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:402

28 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:403

29 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:404

30 Sunnlenskar byggðir: 405

31 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:406

32 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:407

Lækjartún á 15 ha landi, garðyrkjubýli ásamt afrétti og hlunnindum. Tún árið 1977 voru 5 ha.[33] Hlöðutún, garðyrkjubýli með 1,7 ha fyrir neðan Árbæjarveg og 3000 m2 ofan vegar.[34] Stuðlar, garðyrkjubýli, hlunnindi jarðhiti.[35] Árteigur, þjónustubýli stofnað úr einni dagsláttu,[36] og Seylar.[37]

33 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:409

34 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:410

35 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:411

36 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:412

37 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:413

**Árbær – fornleifaskrá**

**Árbær 171640-490- 1**

Sérheiti: Árbær

Hlutverk: Bæjarhóll/bústaður.

Tegund: Bæjarhóll.

Staðsetning: N:399793 E:383726

Hættumat: Mikil hætta.

Friðlýst: Nei.



Mynd 2. Bæjarhóllinn í Árbæ.

**Staðhættir:** „Tvíbýli var lengi á Árbæ, austur og vesturbær, jörðinni skipt að hálfu. ... Bærinn stóð í miðju túni.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

Vatnsmölunarmyllan [22] hefur verið„ ... væntanlega í Árbæjarlæknum sem rennur ofan úr fjalli og niður fyrir austan gamla bæjarstæðið [1]. En bæjarins gamla sér nú engan stað, vestan Árbæjarbyggðar.” (Þór Vigfússon. 2003:135)

Túnakort var teiknað af Árbæ árið 1918 þar stendur að túnastærð jarðarinnar sé 8,3 ha og að þar af séu slétt u.þ.b. ¾. Matjurtagarðar [56] eru 2176 m2. Á myndinni standa á miðju túninu bærinn [1], fleiri hús [57], og matjurtagarðar, vegur [6] gengur úr bænum norðanverðum og í norðvestur, norðanvegin við veginn miðjan stendur eitt hús [3] og annað [4] litlu norðar. Annað hús [5] stendur í túninu suðaustan við bæinn. (Túnakort [1918]. Árbær)

„Peningshúsin á Árbæ IV eru norðaustan við hólinn sem bærinn Árbær [1] stóð á.” (Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu. 1983:414)

**Minjalýsing:** Þar sem bæirnir í Árbæ stóðu hefur nú allt verið sléttað. Bæjarhóllinn sjálfur er mjög stór og greinilegt að búið hefur verið á þessum stað í árhundruð . Síðast stóðu nokkur gömul útihús á bæjarhólnum en þau hafa nú verið rifin. Þessi hús voru þó ekki í neinum tengslum við búskap á Árbæ heldur voru þau byggð eftir að búskap lauk en tún hafa verið nytjuð síðan byggð lagðist af í Árbæ um miðja síðustu öld.

Mikið hefur verið sléttað í Árbæ og mjög erfitt að gera sér grein fyrir hvar einstök hús stóðu. Á túnakorti frá 1918 má þó sjá hvar bæirnir stóðu og voru hnit tekin þar ásamt fleiri stöðum þar sem túnakort greina frá byggingum. Aðeins á einum stað má greina óljósar leifar af byggingum. Þrátt fyrir að nú standi aðeins bæjarhóllinn eftir á Árbæ er greinlegt að mjög stutt er niður á minjar og ljóst að túnaslèttun og niðurrif húsa hefur aðeins tekið yngstu minjarnar. Þess vegna eru mjög sterkar líkur á því að minjar séu rétt undir sverði á bæjarhól Árbæjar.
Bæjarhóllinn er um 700 metrar í ummál.

**Heimildaskrá:**

*Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Július Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1918]. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Þór Vigfússon. 2003. *Ferðafélag Íslands árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 2**

Hlutverk: Kirkja.
Tegund: Heimild.
Staðsetning: Ókunn.
Ástand:Horfið.
**Staðhættir**: „Í gömlum heimildum er getið um kirkju á Árbæ, en heim. vissu ekki hvar hún hefði staðið." (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)
Árið 1397 var þetta ritað: „LXXX. Arbær. Kirkia ad Arbæ a .iiij. kyr. Jnnan sig kluckur .iiij. Mariuskriptter tuær. krossar .ij. kiertistika med kopar. paxspialld. sacrarium mvnnlaug. portio Ecclesiæ vmm næstu .x. är .xvij. aurar oc iij. alnar." (Diplomatarium Islandicum. IV.1897:92)
Engin kirkja er á jörðinni í dag.

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsrannsókn** Engin merki um kirkju eru sjánlegar á bæjarhólnum en líklegt er að minjar um hana sé að finna á eða við bærjarhólinn, líklega ekki fjarri þeim stað er bærinn stóð.

**Heimildaskrá:**

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IV. 1265-1449.* 1897. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 3**

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399480 N:383486:

Ástand: Horfið.

**Staðhættir:** Túnakort var teiknað af Árbæ árið 1918 þar stendur að túnastærð jarðarinnar sé 8,3 ha og að þar af séu slétt u.þ.b. ¾. Matjurtagarðar [56] eru 2176 m2. Á myndinni standa á miðju túninu bærinn [1], fleiri hús [57], og matjurtagarðar, vegur [6] gengur úr bænum norðanverðum og í norðvestur, norðanmegin við veginn miðjan stendur 1 hús [3] og annað [4] litlu norðar. Annað [5] hús stendur í túninu suðaustan við bæinn. (Túnakort [1918]. Árbær)

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsrannsókn.** Hnit var tekið þar sem húsið hefur staðið miðað við túnakort. Þar er nú slétt tún og enginn merki um byggingu á yfirborði.

**Heimildaskrá**:

Túnakort [1918]. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 4**

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Heimild.

Ástand:Horfið

Staðsetning: E: 399640 N:3835339

**Staðhættir:** Túnakort var teiknað af Árbæ árið 1918 þar stendur að túnastærð jarðarinnar sé 8,3 ha og að þar af séu slétt u.þ.b. ¾. Matjurtagarðar [56] eru 2176 m2. Á myndinni standa á miðju túninu bærinn [1], fleiri hús [57], og matjurtagarðar, vegur [6] gengur úr bænum norðanverðum og í norðvestur, norðanmegin við veginn miðjan stendur 1 hús [3] og annað [4] litlu norðar. Annað [5] hús stendur í túninu suðaustan við bæinn. (Túnakort [1918]. Árbær)

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsrannsókn.** Hnit var tekið þar sem húsið hefur staðið miðað við túnakort. Þar er nú slétt tún og enginn merki um byggingu á yfirborði.

**Heimildaskrá**:

Túnakort [1918]. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 5**

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:400043: N:383929

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: Túnakort var teiknað af Árbæ árið 1918 þar stendur að túnastærð jarðarinnar sé 8,3 ha og að þar af séu slétt u.þ.b. ¾. Matjurtagarðar [56] eru 2176 m2. Á myndinni standa á miðju túninu bærinn [1], fleiri hús [57], og matjurtagarðar, vegur [6] gengur úr bænum norðanverðum og í norðvestur, norðanvegin við veginn miðjan stendur 1 hús [3] og annað [4] litlu norðar. Annað [5] hús stendur í túninu norðaustan við bæinn. (Túnakort [1918]. Árbær)

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsrannsókn.** Hnit var tekið þar sem húsið hefur staðið miðað við túnakort. Þar er nú slétt tún og enginn merki um byggingu á yfirborði en þar eru nú sléttuð tún frá Stuðlum norðan Árbæjarvegar.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1918]. *Árbær.* Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-  6**

Hlutverk: Traðir

Tegund: Leið

Staðsetning: E:399684 N:383529

Hleðsluhæð:

Lengd: 350 metrar

**Staðhættir:** „Bærinn stóð í miðju túni. Traðir lágu til austurs og einnig til norðurs." (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)



Mynd 3. Svæðið þar sem traðirnar að Árbæ lágu.

Túnakort var teiknað af Árbæ árið 1918 þar stendur að túnastærð jarðarinnar sé 8,3 ha og að þar af séu slétt u.þ.b. ¾. Matjurtagarðar [56] eru 2176 m2. Á myndinni standa á miðju túninu bærinn [1], fleiri hús [57], og matjurtagarðar, vegur [6] gengur úr bænum norðanverðum og í norðvestur, norðanmegin við veginn miðjan stendur 1 hús [3] og annað [4] litlu norðar. Annað [5] hús stendur í túninu suðaustan við bæinn. (Túnakort [1918]. Árbær)

**Minjalýsing:** Hnit var tekið þar sem traðirnar hafa verið miðað við túnakort. Þar er nú slétt tún og enginn merki um traðirnar á yfirborði en á loftmynd má greina óljóst hvar traðirnar hafa legið upp túnið. Þær hafa verið um 350 metra langar.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1918]. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 7**

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

Ástand:Horfið.

**Staðhættir:** „Austurtún: Túnið sunnan traðanna, suðaustur frá bænum. Þar voru fjárhús." (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing: Enginn merki fundust um þessi hús við vettvangsrannsókn.**

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 8**

Sérheiti: Huldóhólar.

Hlutverk: Huldufólksbústaður.

Tegund: Heimild.

Staðsetning:E:3996605 N:383578

:**Staðhættir:** „Hulduhólar: Þrír hólar vestur af bænum, grónir að neðan. Þar bjó huldufólk. (G.G.)” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing:** Þrír hólar eru verstur af bænum og líklegt að þar hafi staðið hús. Þetta eru einu hólarnir í nágrenni bæjarins.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-9**

Sérheiti: Andrésarflöt.

Hlutverk: Bústaður.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399750 N:383388

**Staðhættir**: „Andrésarflöt: Grasflöt, náði frá túninu og niður (suður) að Ölfusá. Þar var bær og Andrés hefur að líkindum búið þar.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing**: Enginn merki eru um mannabústað en punktur tekinn þar sem lýsingin á við.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 10**

Sérheiti: Árbæjarhjáleiga.

Hlutverk: Bústaður.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

Ástand: Horfið.

**Staðhættir:** „Árbæjarhjáleiga: Var í túninu vestur af bænum, sást lítið fyrir tóftum. (G.G.)" (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

„Hjáleiga hefur hjer ein verið, er kallast hefur Árbæiarhiáleiga, bygð til næst umliðins árs, en síðan i eyði lögð vegna jarðarinnar slægjuleysis, og ei verður aftur bygð nema til skaða heimajörðinni. Landskuld hefur á henni verið xl álnir. Betalaðist hún til heimabóndans í landaurum. Leigukúgildi var i. Leigan betalaðist í smjöri heim til jarðarinnar ábúanda. Kvaðir voru ei nema dagsláttur i og fæddi heimabóndi verkamann." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:393-4)

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsathugun**

**Heimildaskrá:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 11**

Sérheiti: Gamli garður.

Hlutverk: Heygarður.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: „Gamli-Garður: Gamall heygarður í Vesturtúni." (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsathugun**

**Heimildaskrá:**

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. Árbær. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-12**

Sérheiti: Á Trantinum.

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: [3]

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: „Trantur: Túnið austan traðanna. Þar stóðu fénaðarhús, „á Trantinum“.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing**: Líklega sömu útihús og eru skráð eftir túnakorti [3].

**Heimildaskrá:**

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. Árbær. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-13**

Hlutverk: Leið.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399849 N:383856

Ástand: Horfið

**Staðhættir**: „Brunnlaut: Laut í túninu og þangað lá gata að.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing:** Ekki sést neitt af götunni en punktur tekinn þar sem líklegt er að hún hafi verið.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. Árbær. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-14**

Sérheiti: Brunnurinn.

Hlutverk: Brunnur.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399715 N:383888

Heimildamaður: Páll Stefánsson á Stuðlum

**Staðhættir:** „Brunninum: Brunnur, sem var í lautinni [13].” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)



Mynd 4. Svæðið þar sem brunnur bæjarins var.

**Minjalýsing:** Að sögn Páls á Stuðlum er brunnur í 200 metra norður frá bæjarhólnum. Það svæði er ekki slegið sennilega vegna þess að þar er laut og hugsanlega grjót.

**Heimildaskrá:**

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-15**

Sérheiti: Grafarteigur.

Hlutverk: Mógrafir.

Tegund: Örnefni.

Staðsetning: E:399945 N:383512

**Staðhættir**: „Grafarteigur: Mýri vestan við Andrésarflöt, náði niður að ánni, um hann lá gata [16].” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing**: Greinileg merki mótekju eru á svæðinu sem um ræðir .

**Heimildaskrá:**

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-16**

Hlutverk: Leið.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399821 N:383415

**Staðhættir**:„Grafarteigur: Mýri vestan við Andrésarflöt, náði niður að ánni, um hann lá gata.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing**: Greinileg gata liggur við Ölfusá fyrir neðan tún Árbæjar og er sjánleg á um 300 metra kafla.



Mynd 5. Leiðin frá Árbæ lá meðfram Ölfusá

**Heimildaskrá:**

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-17**

Sérheiti: Smágil.

Hlutverk: Mógrafir.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:400052: N:383603

**Staðhættir**: „Smágil: Lítil gil vestan Grafarteigs. Þar var tekinn mór.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing**: Greinileg merki um mótöku eru á svæðinu.



Mynd 6. Mógrafir nærri bæjarlæknum.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-18**

Sérheiti: Barnamoldargil.

Hlutverk: Náma.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn

**Staðhættir**: „Barnamoldargil: Gil austan Móanna. Þar var tekin „barnamold“ (kísilgúr), sem notuð var í sama tilgangi og barnapúður er notað nú.” (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing: Fannst ekki við vettvangsrannsókn**

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-19**

Sérheiti: Mógil.

Hlutverk: Mógrafir.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:400051 N:383615

**Staðhættir**: „Mógil: Gil, sem nær upp í Laugamýrina, þar var tekinn mór. (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1) Gil eitt liggur við hliðina á bæjarlæknum, austur af bæjarhólnum.

**Minjalýsing**: Ekki með fullu vitað hvar þetta gil er en punktur var tekinn í eina sjánlega gilinu.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-20**

Sérheiti: Lautir.

Hlutverk: Leikvöllur.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

**Staðhættir:** „Lautir: Graslautir í Móunum austanverðum. Þær voru vinsæll leikstaður barna." (Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971:1)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað hvar þetta svæði er, en líklegt er að það sé í dag í landi Stuðla, norðan Árbæjar.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ögm. Jóhannsson. 1971. *Árbær*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Árbær 171640-490-21**

Hlutverk: Mógrafir.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

**Staðhættir**: „Móskurður til eldiviðar nægur og brúkast nú jafnlega.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:393-4)

**Minjalýsing**: Ekki er vitað um hvaða mógrafir er um að ræða en hugsanlega þær sömu og áður eru skráðar.

**Heimildaskrá**:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

**Árbær 171640-490- 22**

Hlutverk: Mylla.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: „ ... og á Árbæ sú eina vatnsmölunarmylna, sem til er í sveitinni.” (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:202)



Mynd 7. Bæjarlækur Árbæjar.

Vatnsmölunarmyllan hefur verið„ ... væntanlega í Árbæjarlæknum sem rennur ofan úr fjalli og niður fyrir austan gamla bæjarstæðið [1]. En bæjarins gamla sér nú engan stað ...” (Þór Vigfússon. 2003:135)

**Minjalýsing: Myllan fannst ekki við vettvangsathugun.**

**Heimildaskrá:**

*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Þór Vigfússon. 2003. *Ferðafélag Íslands árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

**Árbær 171640-490- 23**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist

lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá:**

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490- 24**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peningshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -25**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -26**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -27**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -28**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi

á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -29**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -30**

Hlutverk: Bæjarhús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399810 N:383759

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarhúsin stóðu en punktur var tekinn þar sem líklegt er að þau hafi staðið miðað við túnakort og loftmynd

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490-31**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399725 N:383691

Hleðsluhæð: 20 cm

Lengd: 17 m

Breidd: 29 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök:Beit

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á



Mynd 8. Óljósar leifar af húsi, sjá má í grjót og dældin er mun grænni en umhverfið.

landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. Um 170 metra vestur af húsinu Lækjartúni eru mjög sokknar leifar af byggingu (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing**: Um er að ræða mjög sokknar rústir en þær einu sem greina má á bæjarhólnum. Rústirnar hafa verið sléttaðar út en vegna hrossabeitar á svæðinu er hægt að greina hvar húsið er. Sjá má óljósar leifar veggja og tvö hólf eru sjánleg sem dældir. Stæð rústarinnar N-S er 17 metrar og A-V er hún 20 metrar. Sjá má í grjót undir sverði. Þetta er annað hvort leifar af öðrum bænum á Árbæ eða útihús. Rústin er aðeins til hliðar við háhólinn og þar nærri eru leifar af öðru húsi [32]. Norðan við rústina er hóll sem hús hefur greinilega staðið á [33].

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490-32**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E: 399852 N:383805

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið



Mynd 9. Greinilegt er hvar húsið stóð miðað við gróður.

og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190) Um 135 metra vestur af Lækjartúni og 35 metra austur af rúst [31] má sjá óljósar rústir.

**Minjalýsing**: Rúst þessa húss er mjög sokkin og ógreinanleg en vegna beitar á svæðinu má sjá litlar bungur þar sem veggir hafa verið og dæld í miðju. Rústin hefur verið sléttuð en grjót finnst undir sverði og sér í grjót á nokkrum stöðum.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490-33**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:399776 N:383782

Friðlýst: Nei.



Mynd 10. Rústahóll, stúlkan stendur á há hólnum.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190) Um 45 metra norður af bæjarhólnum þar sem hann er hæstur og 18 metra frá vegi sem liggur inn á bæjarhólinn, má sjá rústabungu.

**Minjalýsing:** Hóllinn sem um ræðir er mjög grænn. Ekki sjást neinar rústir á hólnum en hann ber þess öll merki að þar hafi staðið útihús og eru því hugsanlegar leifar þess að finna þar undir sverði.

**Heimildaskrá**:

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -34**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing**: Við vettvangsrannsókn fundnust minjar þriggja húsa sem ekki er vitað hvort voru bæir eða peningshús. Ásamt þeim hafa verið hnitsettir staðir þar sem útihús stóðu árið 1918 samkvæmt túnakorti. Fleiri hús hafa ekki fundist en ljóst er að um allan bæjarhólinn og á nærliggjandi túnum hafa staðið hús, sem í dag sjást ekki á yfirborði en er e.t.v. að finna undir sverði.

**Heimildaskrá:**

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -35**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing**: Við vettvangsrannsókn fundnust minjar þriggja húsa sem ekki er vitað hvort voru bæir eða peningshús. Ásamt þeim hafa verið hnitsettir staðir þar sem útihús stóðu árið 1918 samkvæmt túnakorti. Fleiri hús hafa ekki fundist en ljóst er að um allan bæjarhólinn og á nærliggjandi túnum hafa staðið hús, sem í dag sjást ekki á yfirborði en er e.t.v. að finna undir sverði.

**Heimildaskrá:**

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -36**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

Ástand:Horfið.

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum

gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing**: Við vettvangsrannsókn fundnust minjar þriggja húsa sem ekki er vitað hvort voru bæir eða peningshús. Ásamt þeim hafa verið hnitsettir staðir þar sem útihús stóðu árið 1918 samkvæmt túnakorti. Fleiri hús hafa ekki fundist en ljóst er að um allan bæjarhólinn og á nærliggjandi túnum hafa staðið hús, sem í dag sjást ekki á yfirborði en er e.t.v. að finna undir sverði.

**Heimildaskrá:**

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -37**

Hlutverk: Peningshús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn

Ástand:Horfið

**Staðhættir**: Um byggingar jarðarinnar hefur lítið verið ritað en árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á landinu sem miklum skemmdum ollu, í kjölfarið voru byggingar jarða og ástand þeirra, fyrir og eftir skjálfta, skráð. Þar segir um Árbæ, sem þá var tvíbýli, að fyrir skjálftann hafi á 1. býlinu staðið 8 bæjarhús [23-30] og 8 peningshús [31-38]. Skjálftinn olli því að 3 bæjarhús gjörféllu, 5 skemmdust mjög og 4 peninshús gjörféllu, 3 skemmdust mjög mikið og 1 skemmdist lítið. Á 2. býlinu voru 8 bæjarhús [39-46] fyrir skjálftann og 9 peningshús [47-55]. Í skjálftunum gjörféllu 3 bæjarhús, 4 skemmdust mjög. 1 lítið og 2 peningshús gjörféllu, 6 skemmdust mjög og 1 skemmdist lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190)

**Minjalýsing**: Við vettvangsrannsókn fundnust minjar þriggja húsa sem ekki er vitað hvort voru bæir eða peningshús. Ásamt þeim hafa verið hnitsettir staðir þar sem útihús stóðu árið 1918 samkvæmt túnakorti. Fleiri hús hafa ekki fundist en ljóst er að um allan bæjarhólinn og á nærliggjandi túnum hafa staðið hús, sem í dag sjást ekki á yfirborði en er e.t.v. að finna undir sverði.

**Heimildaskrá:**

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

**Árbær 171640-490 -38**

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: E:399342 N:383649

**Staðhættir**: Frá Ölfusá og til norðurs, austan túna Árbæjar við landamerki að Þórustöðum liggur garðlag.

**Minjalýsing:** Garðurinn sést á loftmynd og er um 300 m langar. Hann passar við túnakortið og er líklega um túngarð að ræða. Garðurinn sést hinsvegar ekki á yfirborði síðsumars vegna gróðurs en mun að öllum líkindum verða sýnilegur í vetur. Hnit var tekið á miðjum garðinum.

**Heimildaskrá:**

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi.* Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.



**Hvammur- jarðarnúmer 171738-512**

**Saga**

Hvammur er landnámsjörð og í rituðum heimildum var jörðin fyrst nefnd á nafn í *Landnámu*. Ormur hinn gamli Eyvindarson nam Hvamm og segir um landnám hans í *Árbók hins íslenska fornleifafélags*: „Svo segir Landnáma (V. 13.) << Ormr (hinn gamli) nam land fyrir austan Varmá til Þverár ok um Ingólfsfell alt ok bjó í Hvammi; hans son var Darri faðir Arnar>> ... Þverá, sem hér er nefnd hlýtur að vera Tunguá í Grafningi. Til þess getur um enga aðra á verið að ræða."[38] Nánar er fjallað um landnám Hvamms í *Árnesinga sögu*: „Um landnámsmörk Orms ber landnámugerðum saman algerlega að efni til. Austurmörk landnáms hans var Sogið og Ölfusá núverandi. Suðurmörk hefur Ölfusá og verið. Vesturmörk er Varmá, sem þá hefur runnið í Ölfusá milli Auðsholts og Arnarbælis austur um Ölfussveit úr farvegi sínum hjá Vorsabæ, eins og síðar verður vikið að. Norðurmörk að austanverðu er Þverá, og hafa þar mætzt landnám Þorgríms bílds og Orms. Norðurmörkin eru annars hálendið upp af Ölfusinu. Ingólfsfjall allt verður í landnámi

[38] *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905 190*

Orms ins gamla, enda segir, að hann næmi land „um Ingólfsfjall allt”. Landnám Orms hefur tekið yfir austurhluta Ölfussins, og er all mikið af landinu mýrlendi og gott slægjuland, eins og kunnugt er. Ekki verður nú sagt, hvar landnámsmörkin hafa verið að vestanverðu til fjalls, en líklegt sýnist, að Grensdalsá hafi þar skilið lönd þeirra Orms og Álfs egðska. En Sauðá gæti líka hafa ráðið merkjum. Ormur er sagður hafa búið í Hvammi. Stendur bær sá enn norðarlega vestan undir Ingólfsfjalli nokkru sunnar en vegurinn um Grafningsháls liggur úr „Djúpa Grafningnum” svonefndum niður og vestur með fjalllendinu ofanvert við Ölfusið.”[39]

Í *Árbók Ferðafélagsins* segir um landnámið: „Núpar er önnur tveggja landnámsjarða í Ölfusi, hin er Hvammur (báðar í landnámi Ingólfs, en margir landnámsmenn sem síðar komu út en Ingólfur „hafa byggt í hans landnámi,” að því er Landnáma hermir).”[40]

Ingólfur Arnarson landnámsmaður er sagður heygður í Inghól á norðanverðu Ingólfsfjalli, en haugurinn [17] er innan landamerkja Hvamms. Fjallið dregur nafn sitt af honum jafnframt.[41] Hjá haugnum er annar minni haugur [18] og er sagt að þar liggi hundur hans. Talið er að Ingólfur hafi valið sér þennan legstað svo hann gæti séð yfir sitt fyrsta landnám.[42]

Jörðin Hvammur er nefnd á tveimur stöðum í *Íslenzku fornbréfasafni,* í fyrra skiptið árið 1395 og þar kemur fram að jörðin er þá í eigu Viðeyjarklausturs.[43] Næst er hún nefnd árið 1555 en þá seldi Eggert Hannesson Grími Þorleifssyni jörðina fyrir 30 hdr.[44]

Árið 1706 er jörðin skráð og lýst í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* en þar sést m.a. Að jörðin er ekki lengur í eigu Viðeyjarklausturs. Í bókinni segir: „Hwammur. Jarðardýrleiki xx c og so tíundast fjórum tíundum. Eigandinn Andres Fimmbogason lögrjettumaður á Kröggólfstöðum. Ábúandi Örnólfur Jónsson. Landskuld 1xxx álnir. Betalast í öllum gildum landaurum til landsdrottins. Leigukúgildi iiii. Leigur betalast í smjöri heim til Kröggólfstaða. Kvaðir eru hingað til skipsáróður um vertíð í Þorlákshöfn, geldst in natura, en hjer eftiráksilið það venjulegt verið hefur. Kvikfjenaður vii kýr, i kvíga veturgömul, ii kálfar, xxii ær, vii sauðir tvævetrir og eldri, x veturgamlir, xxiiii lömb, sum óvís, ii hestar, i hross með fyli, i únghryssa.

---

39 Einar Arnórsson. 1950:213-14

40 Þór Vigfússon. 2003:104

41 *Árnessýsla. Sýslu- og sóknaalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:195

42 Bjarni Harðarson. 2001:60

43 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. III. 1269-1415.* 1896:597

44 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1555-1562.* 1933-1939:65

Fóðrast kann v kýr og áðurtalið kvikfje. Afrjett er fri ut supra. Móskurður til eldiviðar sem áður segir um Hvol. Skógarítak hefur fyrrum fylgt jörðinni meðan kóngseign var, eirninn síðan bóndaeign gjörðist, í Miðengislandi fyrir austan Alftavatn átölulítið, því jörðin var ein fyrrum af Grímsness ljensjörðum, sem so kallast. Berjalestur hefur fyrrum verið að nokkru gagni, en nú nær því enginn. Ekki er óhætt kvikfje fyrir graflækjum og dýjum. Hætt er húsum og heyjum stórlega fyrir veðrum. Högunum spilla fjallsskriður og stórgrýti. Hjáleiga hefur verið ein bygð í úthögum jarðarinnar, og hefur í auðn legið um 20 ára tíma; varaði sú bygð ei lengur en 2 eður 3 ár. Ekki vita menn hvað hafi skuldir verið. Það tjáist þó að ómögulegt er aftur að byggja án heimajarðarinnar skaða, og var býlið kallað Lambhage."[45]

Hvammur var 20 hundraða jörð árið 1840 og þar voru þá góðir sumar- og vetrarhagar, en snögglent og heyskaparlítið.[46] Í *Jarðatali á Íslandi* sem ritað var árið 1847 segir að jörðin hafi verið í bændaeign, enn var hún 20 hundarða jörð að dýrleika og landskuldin 0,100, kúgíldin voru 4 og að jörðinni var einn eigandi að 7 h. og einn leiguliði.[47] Ári síðar er forn hundraðatala jarðarinnar skráð 20 en ný hundraðatala var 17,3.[48]

Á túnakorti sem teiknað var árið 1918 má sjá að tún Hvamms var 4,7 ha og þar af slétt sa. 9/10. Matjurtagarðar voru skráðir 768 m2, og nýyrkja er 0,6 ha og er hún öll slétt. Auk þessa má sjá bæinn, traðir [4], heygarðar [20], tvö útihús [2] [3] og á nýyrkunni sjást þrjú hús [21] [22] [23]. Bærinn stendur sunnarlega í túni, traðir eru þétt austan við húsið og ganga í suður, matjurtagarðurinn [19] er þétt sunnan við húsið og þétt vestan við traðirnar. Annar matjurtagarður [24] er þétt norðan við bæinn og heygarður þétt austan við þann matjurtagarð og þétt norðan við bæinn. Útihúsin eru bæði norðarlega í túninu. Nýyrkjan er suðaustur af bænum.[49]

Árið 1932 eru tún Hvamms 5,5 ha og matjurtagarðar 700 m2.[50] Árið 1977 er tún Hvamms orðið 34 ha að stærð.[51] Í *Sunnlenskum byggðum* sem gefin var út árið 1983 er jörðinni svo lýst: „Hvammur var 20 hundraða jörð að fornu mati og landmikil því henni fylgir um fjórði partur af Ingólfsfjalli. Þar uppi er lítið gróið, þó sumarhagar fyrir fé. Fjallið er víða snarbrattir hamrar og smábrekkur við fót þeirra. Þar er víða stórgrýti og skjólgott. Neðan fjallsins víðlendar og

45 Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:397

46 *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:202

47 Johnsen, J. 1847:75

48 *Ný jarðabók fyrir Ísland.* (Ártal vantar):32

49 Túnakort [1918]

50 *Fasteignabók.* 1932:19

51 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu.* 1983:367

grasgefnar mýrar en nokkuð blautar. Mest af þeim er nú ræst fram og ræktað í tún. Mótak gott en ekki notað lengi. Sæmileg vetrarbeit var á mýrunum. Tún og hagar neðan fjalls girtir. Ríkissjóður er eigandi Hvamms. Árið 1930 lét þáverandi eigandi Hvamms, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali, reisa nýbýli vestan við gamla túnið. Fékk það allt land vestan Hvammsár. Við búsetulok á gamla bænum 1942 fékk nýbýlið öll jarðarafnot."[52] Í þeirri sömu bók eru taldar upp nokkrar jarðir sem byggðar voru úr landi Hvamms en Landnám ríkisins kom þar á fót nýbýlahverfi. Um býlin og stærðir þeirra segir í bókinni: Efstaland, efsta býlið, stofnað árið 1960 er 35 ha, að auki fékk sú jörð sem beitiland, ræmu sem nær upp í Inghól.[53] Kvistir, næst fyrir sunnan Efstaland, stofnað árið 1954 og er landið nær 45 ha.[54] Akurgerði er suður af Kvistum, tæpir 45 ha að stærð.[55] Hlíðartunga, fyrir sunnan Akurgerði, tæpir 45 ha að stærð[56] og loks Lambhagi sem var byggt árið 1951 efst í Hvolslandi en 6-7 efstu hektararnir eru úr landi Hvamms. Nafn býlisins er sótt úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* [10].[57]

Ekki hefur mikið verið ritað um húsakost jarðarinnar en í *Manntalinu* frá árinu 1910 stendur á Hvammi torfbær með tveimur heilþilum og einu hálfþili.[58]

Sá bær hefur ekki verið ýkja gamall því öll hús Hvamms skemmdust meira og minna í stórum jarðskjálfta sem reið yfir landið árið 1896. Í bókinni *Jarðskjálftar á Suðurlandi* segir: „Bæirnir upp með fjöllunum austanvert í Ölfusi urðu yfirleitt ekki eins illa útleiknir einsog þeir, sem á sléttunni voru; Reykir skemmdust töluvert, Reykjakot miklu minna, Sogn og Gljúfur eigi mjög mikið, Hvammur gjörféll; kippur þessi [6. sept.] var mjög vægur á bæjunum austan með Ingólfsfjalli, þar sem kvöldkippurinn gjörði mestan skaðann, sem fyr hefir verið frá sagt."[59] Fyrir jarðskjálftann stóðu á Hvammi 8 bæjarhús [34-42] og 10 peningshús [43-50]. 5 bæjarhús gjörféllu í skjálftanum og 3 skemmdust mjög, 8 peningshús gjörféllu sömuleiðis og 2 skemmdust mjög.[60]

Hvammur stóð við almannleið og áttu ferðamenn úr ýmsum áttum leið um jörðina.

---

52 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:367

53 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:368

54 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:369

55 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:370

56 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:371

57 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:372

58 *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997:450-1

59 Þorvaldur Thoroddsen. 1899:65

60 Þorvaldur Thoroddsen. 1899:190

„Rétt er að benda á það að hin forna leið [16] lá miklu nær fjallinu en bílvegurinn nú. Finnst sú leið auðveldlega frá Hvammstúnum með því að ganga ofan þeirra. Er stutt frá túnunum norður að rústum skilaréttanna [9] undir hlíðum Ingólfsfjalls sem af lögðust 1846, að hluta til vegna skriðuhlaupa úr fjallinu."[61] Fjallað er nánar um leiðir um Hvamm í *Sunnlenskum byggðum* þar segir: „Ferðamenn úr Grímsnesi fóru enn um Lyngdalsheiði, á vaði yfir Álftavatn eða á Tunguferju yfir Sog. Þaðan um Grafningsháls að Hvammi í Ölfusi."[62]

„Þriðja lögferjan var í Laugardælum. Þaðan lá leiðin þvert yfir mýrina um holt og mýrarsund. Í Mýrarsundin voru gerðir brúarstúfar, Hellisbrúin. Farin var stysta leið upp að Ingólfsfjalli. Þegar þangað kom var leiðin greið með fjallsrótunum á mótum mýrar og skriðu fram hjá Kögunarhóli, Hvammi, Gljúfri og Sogni. Má þar víða sjá leifar af fornri vegagerð. Steinum raðað í mýrina, flórvegur. Þar er fyrsti vegurinn sem gjörður var með því sniði sem síðar var notað: skurðir grafnir meðfram, efnið notað í veginn og borin möl yfir. Er það Sognsbrúin."[63]

„Laugardælir voru efsti löggilti ferjustaðurinn yfir Ölfusá. Leið þessa fóru einkum þeir, er bjuggu ofarlega í Flóanum eða komu austan yfir Þjórsá hjá Króki eða ofar, og er yfir ána kom hjá Laugardælum, fóru þeir meðfram Ingólfsfjalli að sunnanverðu og vestan, að Hvammi í Ölfusi og þaðan út í Kamba, yfir Hellisheiði, hjá Kolviðarhóli, Lækjarbotnum, Hólmi og Árbæ, síðan yfir Elliðaár og til Reykjavíkur ... "[64]

## Heimildaskrá

*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi.* Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

61 Þór Vigfússon. 2003:125-6

62 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:81

63 *Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983:281

64 Jón Pálsson. 1946:31

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. III. 1269-1415.* 1896. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1555-1562.* 1933-1939. Hið íslenzka bókmentafélag, Reykjavík.

Einar Arnórsson. 1950. *Árnesingasaga. II. bindi*. „Árnesþing á Landnáms- og söguöld." Ritstjóri Guðni Jónsson. Árnesingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

*Fasteignabók.* 1932. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

*Frásögur um fornaldarleifar. 1817-1823. Fyrri hluti.* 1983. Sveinbjörn Rafnson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland.* (Ártal vantar). Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz´s prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórur. II. bindi.* Víkingsútgáfan, Reykjavík.

*Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu*. 1983. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1918]. Hvammur. *Ölfushreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Jarðskjálftar á suðurlandi*. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Þór Vigfússon. 2003. *Ferðafélag Íslands árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. *Ölfushreppur, Árnessýla.* Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur – fornleifaskrá**

**Hvammur 171738-512-1**

Sérheiti: Hvammur



Mynd 11. Rústir gamla bæjarins í Hvammi.

Hlutverk: Bústaður, bæjarhóll

Tegund: Bæjarhóll.

Staðsetning: E:397616 N:389072

Hleðsluhæð: 1 m - 2 1/2 m

Lengd: 57 m

Breidd: 36 m

Ástand: Gott

Hættuorsök: Beit

Friðlýst: Nei.

**Staðhættir**: „Ormur er sagður hafa búið í Hvammi. Stendur bær sá enn norðarlega vestan undir Ingólfsfjalli nokkru sunnar en vegurinn um Grafningsháls liggur úr „Djúpa Grafningnum" svonefndum niður og vestur með fjalllendinu ofanvert við Ölfusið." (Einar Arnórsson. 1950:213-14) „Gamli bærinn stóð á norðvesturbakka lækjarins, sem rennur í Dagmálagilslækinn og myndar Hvammsána. Traðir lágu frá bænum og niður að læknum."(Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:1) „Árið 1930 lét þáverandi eigandi Hvamms, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali, reisa nýbýli vestan





Teikning 1. Tóftir bæjarhúss ásamt kálgörðum, tröðum og öðrum byggingum.

við gamla túnið. Fékk það allt land vestan Hvammsár. Við búsetulok á gamla bænum 1942 fékk nýbýlið öll jarðarafnot.” (Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu. 1983:367).

Við vestur hlið Ingólfsfjalls stendur gamla bæjarstæðið að Hvammi. Bæjarstæðið er hægra megin við veginn en núverandi bæjarstæði er á vinstri hönd. Steypt fjárhús frá Hvammi eru nærri bæjarstæðinu.

**Minjalýsing**: Bærinn stendur á háum bæjarhól við hliðar fjallsins og rennur bæjarlækur meðfram bæjarhólnum. Á hólnum standa glæsilegar rústir síðasta bæjarins sem þar stóð og mjög auðvelt að sjá húsaskipan. Heygarður, kálgarður og hlaðnar traðir liggja að bæjarstæðinu. Í bænum hafa verið 5 rými og hefur bærinn staðið mót suðri.



Að baki bæjarins hefur verið heygarður, matjurtagarður, stór hlaða og tvö önnur hús. Hleðslur veggja hafa hrunið nokkuð en eru þó flestar að mestu uppistandandi og sjá má að bærinn hefur verið byggður úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð er um 1 metri á flestum stöðum en í hlöðu er hæð veggja yfir tveir metrar. Breidd flestra veggja er um 1 - 1 1/2 m. Á Hvammi eru því mjög merkar og heillegar minjar um sunnlenskan torfbæ.

**Heimildaskrá**:

Einar Arnórsson. 1950. *Árnesingasaga. II. bindi*. „Árnesþing á Landnáms- og söguöld.” Ritstjóri Guðni Jónsson. Árnesingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

*Sunnlenskar byggðir III. Vesturhluti Árnessýslu. 1983.* Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-2**

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:397545: N:389162

Ástand: Horfið.

Heimildamaður: Pétur Guðmundsson.

**Staðhættir**: Á túnakorti sem teiknað var árið 1918 má sjá að tún Hvamms var 4,7 ha og þar af slétt sa. 9/10. Matjurtagarðar voru skráðir 768 m2, og nýyrkja er 0,6 ha og er hún öll slétt. Auk þessa má sjá bæinn, traðir [4], heygarða [20], tvö útihús [2] [3] og á nýyrkunni sjást þrjú hús [21] [22] [23]. Bærinn stendur sunnarlega í túni, traðir eru þétt austan við húsið og ganga í suður, matjurtagarðurinn [19] er þétt sunnan við húsið og þétt vestan við traðirnar. Annar matjurtagarður [24] er þétt norðan við bæinn og heygarður þétt austan við þann matjurtagarð og þétt norðan við bæinn. Útihúsin eru bæði norðarlega í túninu. Nýyrkjan er suðaustur af bænum. (Túnakort [1918]. *Hvammur*)

**Minjalýsing**: **Útihús þetta fannst ekki við vettvangsrannsókn** og er nú slétt tún þar sem útihúsið er teiknað á túnakort. Líklega hefur verið sléttað yfir þessar minjar. Hnit tekið þar sem líklegt er samkvæmt túnakorti að húsið hafi staðið.

**Heimildaskrá**:

Túnakort [1918]. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512- 3**

Hlutverk: Útihús.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E 397524: N:389202

Ástand: Horfið.

Heimildamaður: Pétur Guðmundsson.

**Staðhættir:** Á túnakorti sem teiknað var árið 1918 má sjá að tún Hvamms var 4,7 ha og þar af slétt sa. 9/10. Matjurtagarðar voru skráðir 768 m2, og nýyrkja er 0,6 ha og er hún öll slétt. Auk þessa má sjá bæinn, traðir [4], heygarða [20], tvö útihús [2] [3] og á nýyrkunni sjást þrjú hús [21]

[22] [23]. Bærinn stendur sunnarlega í túni, traðir eru þétt austan við húsið og ganga í suður, matjurtagarðurinn [19] er þétt sunnan við húsið og þétt vestan við traðirnar. Annar matjurtagarður [24] er þétt norðan við bæinn og heygarður þétt austan við þann matjurtagarð og þétt norðan við bæinn. Útihúsin eru bæði norðarlega í túninu. Nýyrkjan er suðaustur af bænum. (Túnakort [1918]. Hvammur)

**Minjalýsing**: **Útihús þetta fannst ekki við vettvangsrannsókn** og er nú slétt tún þar sem útihúsið er teiknað á túnakort. Líklega hefur verið sléttað yfir þessar minjar. Hnit er tekið þar sem líklegt er að húsið hafi staðið samkvæmt túnakorti.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1918]. *Hvammur.* Ölfushreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands,

**Hvammur 171738-512- 4**



Mynd 12. Hlaðnar traðir sem liggja að bænum

Hlutverk: Leið.

Tegund: Traðir.

Staðsetning: E: 397629N: 389071

Hleðsluhæð: 1 1/2 metri

Lengd: 27 metrar

Breidd: 3 metrar

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta lítil.

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei.

**Staðhættir**: „Gamli bærinn stóð á norðvesturbakka lækjarins, sem rennur í Dagmálagilslækinn og myndar Hvammsána. Traðir lágu frá bænum og niður að læknum.” (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:1)

**Minjalýsing**: Traðirnar hafa verið niðurgrafnar og 3 metrar á breidd og víkka út til enda. Þetta hefur verið glæsileg aðkoma að bænum. Traðirnar eru lítið hrundar en nokkuð sokknar í gras og mikið grónar. Breidd hleðslu virðist vera um 2 metrar.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512- 5**

Sérheiti: Grafamýri

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Örnefni.

Staðsetning: E:397339 N:389572

Heimildamaður: Pétur Guðmundsson.

**Staðhættir:** „Grafamýri: Sá hluti mýrarinnar, sem er fyrir vestan lækinn, að Grafningshálsi."(Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:2)

**Minjalýsing**: Grafirnar eru margar og flestar fullar af vatni og því mjög hættulegar börnum og dýrum, þar ekki fjarri er mjög djúp malarnáma.

**Heimildaskrá:**

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.



Mynd 13. Ein af mörgum mógröfum á svæðinu.

**Hvammur 171738-512-6**

Sérheiti: Stekkatún

Hlutverk: Stekkatún

Tegund: Örnefni

Staðsetning: E:397790 N:389696

**Staðhættir**: „Stekkatún: Grasbrekka sunnan Stórgrýtanna, suðvestur af Stekkatúnshnúk." (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:2)

**Minjalýsing: Ekki fundust merki um stekk á svæðinu** en hnit tekið þar sem lýsing á við.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-7**

Sérheiti: Suðurstígur.

Hlutverk: Leið.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:398064 N:388865

Hættumat: Mikil hætta.

Heimildamaður: Pétur Guðmundsson.

**Staðhættir:** „Suðurstígur: Leið, sunnan Dagmálagils, notuð til uppgöngu á fjallið, greiðari en Norðurstígur."(Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:2)

**Minjalýsing**: Sjá má í bröttu fjallinu hvarleiðin liggur upp fjallið, svo virðist sem leiðin hafi verið rudd í gegnum klettana.



Mynd 14. Í klettunum má sjá leiðina upp fjallið frá hægra horni og upp.

Mikið hefur fallið af grjóti inn í leiðina sérstaklega í suðurlandskjálftunum og er hún ekki eins greiðfær lengur. Uppganga á fjallið er í dag að mestu á suðurhlið við Þórustaðanámu.

**Heimildaskrá**:

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512- 8**

Sérheiti: Torfhóll.

Hlutverk: Rista.

Tegund: Örnefni.

Staðsetning: Ókunn.

Heimildarmenn: Pétur Guðmundsson.

**Staðhættir**: „Torfhóll: Gróinn hóll suðvestast á Börðunum."(Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:2)

**Minjalýsing: Heimildarmenn könnuðust ekki við örnefnið.**

**Heimildaskrá**:

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-9**

Sérheiti: Hvammsrétt/Réttin.

Hlutverk: Rétt.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E: 397868 N: 388571

Hleðsluhæð:1 metri.

Lengd: 33 metrar.

Breidd: 21metrar.

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Grjótskriður.

Friðlýst: Nei.

Heimildamaður:Pétur Guðmundsson



Mynd 15. Hvammsrétt undir Ingólfsfjalli.

**Staðhættir:** „Hvammsrétt (Réttin):
Þar var lögrétt Ölfusinga fram til 1845, að Hveragerðisrétt var byggð, sér enn hleðslur." (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:3)

„En fyrir 1700 fluttu Ölfusingar réttir sínar að Hvammi undir Ingólfsfjalli." (Þór Vigfússon. 2003:29)

„Næst er plássins getið 1847 þegar lögréttir hreppsins voru fluttar hingað austan frá Hvammi við Ingólfsfjall og settar rétt vestan en nú er Hótel Örk." (Þór Vigfússon. 2003:109)




Teikning 2. Ölfusréttir við Hvamm.

„Sauðaréttir haldnar í Hvammi í Ölvesi fimmtudaginn 22 vik(ur) af sumri, nautaréttir þriðjudaginn í 23. vik(u) sumars í Márardal undir Hengli. Sóktar eru þær fyrri af Ölvesingum og Grafningsmönnum og nokkru leyti af Þingvalla- og Mosfellssveitum; ..." (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:203)

„Selvogur á til Hvamms [Réttir] í Ölvesi, ..." [í réttir] (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:220)

„Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orrustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeini<n>g komið, hvar af Örustuhóll mun hafa nafn sitt draga.” (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:240)

**Minjalýsing**: Réttirnar standa undir vesturhlið Ingólfsfjalls um 500 metra suður af gamla bænum í Hvammi. Í dag eru greinileg fimm hólf misjöfn að stærð í réttunum. Hugsanlegt er að grjót hafi verið flutt úr réttunum og þess vegna séu þær minni en þær hafa upphaflega verið. Réttinn hefur eitt áberandi stærra hólf sem hugsanlega hefur verið almenningur. Lítið aðhald eða hús hefur staðið við hliðina á réttunum.

Stærð hólfanna er misjöfn. Stærsta hólfið er 16 x 8 metrar. Réttin hefur verið hlaðin úr gjóti sem sést vel enda réttin að mestur leiti ógróin. Veggir eru breiðastir um 1 ½ metir og 1 metir á hæð. Mikið hefur hrunið úr fjallinu af stórgrýti niður að réttinni. Nú síðast í skjálftunum 2008 hefur mikið stórgrýti fallið nærri réttinni en það hefur þó ekki hæft hleðslurnar.

**Heimildaskrá**:

*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Þór Vigfússon. 2003. *Ferðafélag Íslands árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-10**

Sérheiti: Lambhagi.

Hlutverk: Bústaður.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:396743 N:387004

**Staðhættir**: „Hjáleiga hefur verið ein bygð í úthögum jarðarinnar, og hefur í auðn legið um 20 ára tíma; varaði sú bygð ei lenguren 2 eður 3 ár. Ekki vita menn hvað hafi skuldir verið. Það tjáist

þó að ómögulegt er aftur að byggja án heimajarðarinnar skaða, og var býlið kallað Lambhage." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:397)



Mynd 16. Svæðið þar sem líklegast er að hjáleigan Lambhagi hafi staðið á 17.öld.

**Minjalýsing**: Við landamerki Hvamms sem afmarkast af læk sem rennur í Hvammsá er svæði sem kallast Lambhagi og þar nærri er nýbýli sem ber sama nafn. Heimildarmaður hafði eftir öðrum bónda í nágrenni að hann hefði einhvern tímann sé þar tættur. Við vettvangsrannsókn fundust engar greinilegar minjar en þarna við lækinn er hóll og slétt svæði sem hugsanlega gæti hafa verið lítið tún. Líklegast er að hjáleigan hafi staðið á þessu svæði þó þess sjái ekki greinleg merki í dag enda var bærinn þarna í 2-3 ár fyrir um 300 árum.

**Heimildaskrá**:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

**Hvammur 171738-512-11**

Sérheiti: Orrustuhóll.

Hlutverk: Kuml ?

Tegund: Legstaður.

Staðsetning: E:397028 N:389101

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 4 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Heimildamaður: Pétur Guðmundsson.



Mynd 17. Hóllinn á Orrustuhól ber greinileg merki þess að veramanngerður.

**Staðhættir:** „2eir Holar nefnast hér Órrustuholar, af hveriumm annar synist ad vera af mónnumm giordur, hann stendur austann undir sokolludu Nupafialli skamt fyrir vestann bugardinn Nupa, hann er hjérumm 12 fadmar umm mals og 3 alnir a hæd; **annar med sama nafni stendur vestann undir Jngolfsfialli skamt eitt fyrir vestann bæjinn Hvamm; kríngumm hvern synist ad vera settir steinar, ...**" (*Frásögur um fornaldarleifar. 1817-1823. Fyrri hluti.* 1983:223) „Orustuhóll: Klettahóll vestan við melinn, þar sem nú er sundnámið." (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:1) Vestur af bæjarhúsunum á Hvammi er náttúrulegur klettahóll.
**Minjalýsing:** Efst á Orrustuhól sem er náttúrusmíð er haugur sem virðist manngerður og hefur steinum verið hlaðið í sporöskjulaga form. Nokkrir steinar eru í miðjunni og töluvert af jarðvegi. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða kuml ef svo er eru nokkrar líkur á því að kumlið hafi verið rofið.
**Heimildaskrá:**
*Frásögur um fornaldarleifar. 1817-1823. Fyrri hluti.* 1983. Sveinbjörn Rafnson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Minjar utan svæðis:**

**Hvammur 171738-512-12**
Sérheiti: Vörðuhóll.
Hlutverk: Varða.
Tegund: Heimild.
**Staðhættir**: Vörðuhóll heitir í Vestur-Hálsum, austan við Hrossabotna sem er dalverpi sunnan í Stóra-Sandfelli. Sunnan við Vörðuhól eru Vegarbrekkur og er þetta á Sanddalaleið.
**Heimildaskrá**:
Kort Ingólfs Einarssonar 1969

**Hvammur 171738-512-13**
Sérheiti: Gamla gatan.
Hlutverk: Leið.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E 397423: N:389986

**Staðhættir**: „Djúpigrafningur: Gróið dalverpi, eftir því rann lækur, sem féll í gljúfrum vestur af Grafningshálsi og sameinast Æðagili (Gljúfur). Gamla gatan lá niður í Djúpagrafninginn á ská þar sem lækurinn rennur suður í gljúfrin og eftir honum næstum inn í botn, svo yfir lágan háls til norðausturs, norðan Kallbaks.” (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:1-2)

**Minjalýsing:** Gatan er greinileg enn þann dag í dag.

**Heimildaskrá:**

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-14**

Sérheiti: Reiðingsklettar.

Hlutverk: Reiðingsrista.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: Ókunn.

**Staðhættir**: „Reiðingsklettar: Þrír klettar austur af Puntbölum.” (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:2)

**Minjalýsing: Heimildarmenn vissu ekki hvar þetta örnefni er.**

**Heimildaskrá**:

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur*. Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-15**

Sérheiti: Norðurstígur.

Hlutverk: Leið.

Tegund: Heimild.

**Staðhættir**: „Norðurstígur: Geng skriða, sunnan Miðmorgunsbrekku, notuð til uppgöngu á fjallið. Í eggjunum er skarð, sem fé var rekið í gegnum.” (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:2)

**Heimildaskrá**:

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Hvammur 171738-512-16**

Sérheiti: Gamla þjóðleiðin.

Hlutverk: Leið.

Tegund: Leið .

Staðsetning: E: 397889N:388413

Friðlýst: Nei.

**Staðhættir:** „Réttarskarð: Lægð þar sem gamla þjóðleiðin lá í gegnum. Börðin að læknum úr Dagmálagili." (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:3)

„Rétt er að benda á það að hin forna leið [16] lá miklu nær fjallinu en bílvegurinn nú. Finnst sú leið auðveldlega frá Hvammstúnum með því að ganga ofan þeirra. Er stutt frá túnunum norður að rústum skilaréttanna [9] undir hlíðum Ingólfsfjalls sem af lögðust 1846, að hluta til vegna skriðuhlaupa úr fjallinu." (Þór Vigfússon. 2003:125-6)



Mynd 18. Leiðin er mjög greinileg á mörgum stöðum meðfram Ingólfsfjalli.

**Minjalýsing:** Vegurinn er greinilegur á mörgum stöðum sem reiðgötur meðfram fjallinu en á stórum hluta hefur verið lagður malarvegur í gömlu göturnar. Frá Silfurberginu er bílvegur í gömlu götunum en þær má vel greina framhjá gömlu skilaréttunum. Punkur var tekinn við réttina þar sem ljósmyndin er tekinn.

**Heimildaskrá:**

Þór Vigfússon. 2003. *Ferðafélag Íslands árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Þórður Ö. Jóhannsson. 1967. *Hvammur.* Ölfushreppur, Árnessýla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Minjar utan svæðis:**

**Hvammur 171738-512-17**

Sérheiti: Inghóll.

Hlutverk: Haugur/leiði/þjóðsaga.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: E:400775 N:389590

**Staðhættir:** „Inghóll: Kringlóttur grjóthóll. Talinn hæsti hnúkur fjallsins. (551 m á korti). Þann hnúk hafa þjóðsögur talið haug Ingólfs landnámsmanns. Brynjólfur Sveinsson Skálholts-biskup ómakaði sig þangað til að mæla. Kunnugir telja ólíklegt að þar sé nokkuð grafið, því hóllinn er úr bergi." (Þórður Ö. Jóhannsson. 1967:4)

„Uppi á norðanverðu fjalli þessu er hóll, er kallast Inghóll, og og er það almæli, að þar sé heygður Ingólfur landnámsmaður, er fjallið dregur nafn af. Hóllinn er ei mjög stór ummáls og ei merkilegur, ei heldur auðsén á hönum mannaverk." (Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979:195)

„Í Inghól á Ingólfsfjalli er sagt að heygður sé Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður Íslands og þar í haug hans mun vera gullkista. Einu sinni tóku Grafningsmenn og Ölfusingar sig saman um að grafa upp kistu þessa og þegar þeir hófu hana upp segir einn þeirra: „Nú tekst ef guð vill." Héldu þeir þá enn áfram að tosa kistuna upp en þegar hún var komin hálf upp úr gröfinni segir einn þeirra: „Nú tekst hvort guð vill eða ekki." Í sama mund slapp kistan úr höndum hans og niður í hauginn og allt það sem þeir höfðu mokað þyrlaðist á sinn stað að nýju. Skip sitt heygði Ingólfur í Kögunarhól og má af þessu ráða að fornmenn hafa verið stærri í sniðurm heldur en sinni tíma Íslendingar. Önnur heimild segir að Jón Skottuskáld Eyvindarson hafi verið að greftri í Ingólfshaug en ekki er vitað hvort það var í þetta sama skipti." (Bjarni Harðarson. 2001:57-8)

„Á því fjalli er sagt að hann sé heygður; eru þar til að sjá af öðrum fjöllum hólar tveir og heitir annar Ingólfshaugur, en í hinum er sagt að hundur hans liggi: sá hóllinn er allur lægri og minni fyrirferðar. Þennan legstað er sagt að Ingólfur hafi kosið sér svo hann gæti því betur séð þaðan yfir hið fyrsta landnám sitt."" (Bjarni Harðarson. 2001:60)

„Ingólfur vitjar nafns. „Konuna dreymir eina nótt að maður kæmi til hennar í svefni og bæði hana að lofa sér að vera. Hún spurði hann að nafni; hann sagðist heita Ingólfur og vera fyrsti landnámsmaður á Íslandi. Ekki er þess getið að þeim færi fleira í milli í það sinn. Eftir það kom sami maður oft til konunnar meðan hún gekk með þunga sinn og beiddi hana að lofa sér að vera

og þess með að hún skyldi láta heita eftir sér son þann sem hún gengi með. „Skaltu," segir hann, „ala hann þangað til hann er tólf vetra á sauðaketi einu og nýmjólk, bæði kinda og kúa og einkum kapla; ef þú bregður ekki útaf þessu mun ég gefa syni þínum með nafni fé það allt sem er í kistu minni. Skal hann leita hennar uppi hjá haug mínum þegar hann er tólf vetra og mun hann geta lokið henni upp ef ekki er brugðið útaf í neinu með uppeldi hans þangað til." Konan hét þessu og kom þá Ingólfur ekki til hennar framar. Eftir það ól hún sveinbarn og lét kalla Ingólf eftir landnámsmanninum sem vitað hafði nafns til hennar. Ól hún svo upp svein þennan sem næst hún gat komizt fyrirsögn draummannsins þangað til hann var 12 vetra; var hann þá bæði mikill og efnilegur eftir aldri. Hann gekk síðan upp á Ingólfsfjall að leita fjárins. Þegar hann kom að Ingólfshaugi sá hann stóra kistu standa þar og lykil í skránni. Hann fór til og ætlaði að ljúka henni upp, en gat ekki snúið lyklinum nema til hálfs; sneri hann þá heim aftur í það sinn. Þegar hann hafði náð meiri þroska fór hann aftur upp á Ingólfsfjall og að hauginum. En þá var kistan horfin og hefur aldrei orðið vart við hana síðan. En þótt Ingólfur yngri bæri ekki gæfu til að fá féð með nafni er sagt að hann hafi verið í mörgu lánsmaður."" (Bjarni Harðarson. 2001:60-61)

